

Þingeyjarsveit  
Margrét S. Snorradóttir  
Kjarna  
650 Laugar

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
- 8. sep. 2011 10.4.3	
Tilv.	_____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. september 2011  
Tilvísun: UST20110600235/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar, Þingeyjarsveit. Helstu forsendur og verkefnislýsing.**

Vísað er til erindis Þingeyjarsveitar er barst 21. júní sl. þar sem tilkynnt er að **deiliskipulag** Þeistareykjavirkjunar ásamt forsendum sé að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar undir liðnum skipulagsmál Þeistareykir. Einnig kemur fram í erindinu að deiliskipulagslýsingin hafi verið samþykkt í sveitastjórn þann 26. maí sl.

Á heimasíðu Þingeyjarsveitar er að finna verkefnislýsingu deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar og helstu skipulagsforsendur fyrir deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar.

### **Deiliskipulag Þeistareykjavirkjunar, helstu skipulagsforsendur.**

#### **Viðfangsefni**

Þeistareykir ehf. áforma að reisa allt að 200 MWe jarðhitavirkjun á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum í Þingeyjarsveit. Jarðhitasvæðið er um 25 km suðaustur af Húsavík á milli Þeistareykjabungu í austri og Lambafjalla í vestri. Skipulagsmörk deiliskipulagsins eru dregin sem 76,5 km<sup>2</sup> rétthyrningur utan um iðnaðarsvæði/orkuvinnslusvæði á Þeistareykjum. Skipulagssvæðið er þannig mun stærra að flatarmáli en landnotkunarreiturinn sem er meginviðfangsefni skipulagsins.

#### **Helstu forsendur**

#### **Náttúruvernd**

Í náttúruminjaskrá eru upplýsingar um friðlýstar náttúruminjar og aðrar náttúruminjar þ.e. landssvæði, náttúrumyndanir og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem rétt þykir að vernda. Þeistareykir eru nr. 533 í náttúruminjaskrá. Ef hætta er á röskun náttúruminja á náttúruminjaskrá vegna framkvæmda skal leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um þær.

## Verkhönnun

Í ofangreindri verkefnislýsingu kemur fram að allt að 40 vinnsluholur þurfi fyrir 200MWe virkjun. Borteigar verða innan 15 afmarkaðra borsvæða. Heildarflatarmál afmarkaðra borsvæða er um 40 hektarar. Í lýsingu kemur fram borað verði við Bæjarfjall og þar fyrir norðan. Síðan segir: „*Enn fremur er gert ráð fyrir borteigum ofan við Bóndhólsskarð og þar með möguleika á að afla gufu austar.*“ Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin telur svæðið ofan Bóndhólsskarðs tilheyra annarri landslagsheild, enda liggur svæðið þar mun hærra yfir sjávarmáli en Þeistareykir. Að mati stofnunarinnar ætti að nýta borsvæði við Þeistareyki áður en farið verður í að bora ofan við Bóndhólsskarð.

## Verkefnislýsing vegna deiliskipulags Þeistareykjavirkjunar, áherslur sveitastjórnar.

### Ákvæði og markmið í gildandi svæðis- og aðalskipulagi

Í umfjöllun um ákvæði og markmið í gildandi svæðis- og aðalskipulagi kemur fram að: „*Sveitarstjórn leggur þó áherslu á sjálfbæra orkuöflun og að við virkjun....*“ Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að skilgreining á því hvað er sjálfbær orkuöflun komi skýrt fram í tillögu að deiliskipulagi Þeistareykjavirkjunar.

### Lagnir og borteigar

Í niðurstöðu Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Þeistareykjavirkjunar kemur fram að Skipulagsstofnun gerir tillögu um skilyrði sem skulu sett við leyfisveitingar. Fyrsta tillagan er eftirfarandi: *Þeistareykir ehf. þurfa að leggja safnæðalagnir, er kunna að verða lagðar niður úr Bóndhólsskarði og lagnir vestan bæjarstæðisins á Þeistareykjum, í jörðu.* Í ofangreindri verklýsingu kemur fram að sveitarstjórn tekur ekki undir þau sjónarmið er fram koma í álit Skipulagsstofnunar um að það skuli sett sem skilyrði að tiltekna lagnir verði litaðar jarðlitum og lagðar meðfram vegum og vegaslóðum og aðlagðar landslagi.


Að mati Umhverfisstofnunar ætti sveitarstjórn Þingeyjarsveitar ekki að hafna tillögu Skipulagsstofnunar um skilyrði að óhugsuðu máli. Fram kemur í umfjöllun um áherslur sveitarstjórnar að: „*Sveitarstjórn leggur þó áherslu á sjálfbæra orkuöflun og að við virkjun og mannvirkjagerð alla verði tekið tillit til umhverfis, landslags....*“ Að mati Umhverfisstofnunar eru umhverfisáhrif á landslag og sjónræn áhrif af völdum lagna háhitavirkjana mjög mikil, það sést bæði á Kröflusvæðinu og við háhitavirkjun á Hellisheiði að lagnirnar ramma svæði inn og skipta þeim niður, og eru afar áberandi. Að mati Umhverfisstofnunar er vandséð hvernig aðlaga megi lagnir að landslagi á annan hátt en grafa þær niður, nema ef vera mætti þegar lagnir eru lagðar hraunsalla á einsleitu hraunsvæði þannig að þær skera sig ekki úr umhverfinu þegar horft er á þær í fjarlægð, eins og gert hefur verið á Hellisheiði, a.m.k. í tilraunaskyni. Slíkar aðstæður eins og einsleit og einslit hraunsvæði fyrirfinnast ekki á Þeistareykjum. Það er þekkt að lagnir í halla valda mestum neikvæðum sjónrænum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun tekur undir tillögu Skipulagsstofnunar.

## Viðfangsefni – skipulagskostur

Umhverfisstofnun tekur undir að fjalla þarf um og velja milli mismunandi útfærslna í deiliskipulagi, og telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir mismunandi kostum í tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllt

Ólafur A Jónsson  
Sviðsstjóri



Kristín S. Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun